REGLUR

um merkingar ríkisbifreiða.

1. gr.

Ríkisbifreiðar skulu greinilega auðkenndar með merki, sem Innkaupastofnun ríkisins útvegar, auk merkis samkvæmt 5. gr. á áberandi stað inni í bifreið.

2. gr.

Ríkisstofnun er ekki heimilt að nota eigið merki til þess að auðkenna ríkisbifreið, nema að fengnu samþykki bílanefndar sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 580/1991.

3. gr.

Ef bílanefnd samþykkir að ríkisstofnun noti eigið merki skal það vera a.m.k. 20 sm í þvermál eða á annan hvorn kant. Heiti stofnunar eða skammstöfun skal koma fram og orðið „RÍKISBIFREIÐ“ í eða undir merkinu. Orðið ríkisbifreið skal skráð með letrinu „HELVETICA medium“, stafir a.m.k. 1,6 sm á hæð og lengd orðs a.m.k. 14 sm. Litur stafa skal skera sig úr grunni merkis eða lit bifreiðar, ef þeir koma beint á bifreið.

4. gr.

Merki skal líma á framhurðir á hvorri hlið bifreiðar, þannig að miðja merkis komi á miðju hurðar og efri brún merkis sé u.þ.b. 5 sm frá neðri brún hliðarrúðu.

5. gr.

Á merki inni í bifreið skal taka upp ákvæði úr 3. gr. reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins þar sem m.a. komi fram, að einkaafnot starfsmanna séu óheimil.

6. gr.

Bílanefnd getur samþykkt að takmarka merkingar á ríkisbifreiðum, ef nauðsynlegt þykir vegna starfsemi viðkomandi stofnunar.

7. gr.

Reglur þessar eru settar í framhaldi af reglugerð nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins, sbr. 5. gr. III 4. tl. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. júní 1993.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.